

## Verðtilfærslusjóður SAM 2013

Rekstur og starfsemi verðtilfærslu milli mjólkurvara var tvískipt til ársloka 2013. Annars vegar var lögbundin verðtilfærsla samkvæmt lögum nr. 99/1993 og hins vegar verðtilfærsla SAM. Lögbundin verðtilfærsla var í forsjá Bændasamtakanna, en framkvæmd og fjárreiður lögbundins verðtilfærslusjóðs voru í höndum SAM samkvæmt verkaskiptasamningi milli BÍ og SAM. Með lagabreytingum í árslok 2013 var lögbundinn verðtilfærsla lögð niður. Verðtilfærsla SAM er hins vegar í forsjá SAM og því með í ársreikningi SAM og er fjallað nánar um hana hér.

Í verðtilfærslusjóði SAM eru innheimt vörutengd gjöld af sýrðum vörum (jógúrt og skyldum vörum), rjóma, sérostum og nýmjólkurdufti. Greitt var úr sjóðnum vegna sölu á nýmjólk, skólalett mjólk, iðnaðarrjóma, skyri, smjörva, léttviðbiti, mögrum ostum (Gouda 17%, Mozzarella og Gouda 11%), iðnaðarmjólkurdufti, undanrennufti og kálfafóðri.

Eftirfarandi er yfirlit yfir inn- og útgreiðslur úr verðtilfærslusjóði SAM árin 2013 og 2012:

	2013	%	2012	%
<b>Inngreiðslur:</b>				
Yfirfært frá fyrra ári	21.966.630	7,2%	23.690.945	7,9%
Innheimt verðtilfærsla	283.782.549	92,8%	277.442.428	92,1%
<b>Samtals til ráðstöfunar</b>	<b>305.749.179</b>	<b>100,0%</b>	<b>301.133.373</b>	<b>100,0%</b>
<b>Útgreiðslur:</b>				
Greidd verðtilfærsla til afurðastöðva	95.316.211	33,5%	106.409.072	40,0%
Niðurgreiðsla iðnaðardufts	155.809.596	54,9%	143.159.255	49,7%
Niðurgreiðsla iðnaðarrjóma	28.596.621	10,1%	25.436.781	8,8%
Annað	4.256.738	1,5%	4.161.635	1,4%
<b>Samtals ráðstafað</b>	<b>283.979.166</b>	<b>100,0%</b>	<b>279.166.743</b>	<b>100,0%</b>
Afgangur fært til næsta árs	21.770.013		21.966.630	

Velta verðtilfærslusjóðs SAM var nokkuð meiri árið 2013 en árið 2012 vegna meiri sölu á vörum sem greiða til sjóðsins, einkum rjóma, mygluosta og skyrs. Útgjöld sjóðsins voru 196.617 krónum hærri en tekjur hans. Inneign sjóðsins hjá SAM í lok árs 2013 voru tæpar tuttugu og tvær milljónir króna.